



Alþingi  
Viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. apríl 2008

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna um greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé o.fl.)**

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál og senda hér með sameiginlega umsögn til Viðskiptanefndar Alþingis.

Markmið frumvarpsins er að einfalda regluumhverfi fyrirtækja með því að slaka á kröfum um sérfræðiskýrslur vegna greiðslu hlutafjár með öðru en reiðufé. Eru tilslakanir þessar þó einungis gerðar í þeim tilvikum þar sem fullnægjandi nýlegt verðmat liggur fyrir á þeim verðmætum sem nota á sem greiðslu fyrir hlutafé. Verður því ekki séð að hætta sé á að meginreglum um gegnsæi, jafnræði hluthafa og vernd lánadrottna verði kastað fyrir róða með breytingum þessum. Á þessum verndarhagsmunum hlutafélagalaga að vera jafnvel borgið eftir sem áður. Eru samtökin því meðmælt frumvarpinu og telja að með því sé stigið rétt skrif í átt tileinföldunar lagaumhverfis fyrirtækja.

Vilja samtökin þó benda á nokkur atriði í frumvarpinu sem æskilegt væri að skoða frekar.

Í 3. gr. frumvarpsins er gerð sú breyting að það verður valkvætt hvort félög hafi heimilisfang sitt í samþykktum sínum. Geti þau þess í stað valið að setja einungis inn það sveitarfélag hér á landi sem þau hafa heimili. Er þessi breyting gerð með það að leiðarljósi að minnka skrifinnsku við aðsetursskipti félaga, en hverja breytingu á samþykktum þarf að samþykkja á hluthafafundi og tilkynna til Hlutafélagaskrár. Taka samtökin undir þessi sjónarmið frumvarpsins.

Í 148. gr. hfl. og 122. gr. ehfl. er mælt fyrir um tilkynningu um stofnun félags. Er þar gert ráð fyrir að skylt sé að tilkynna til hlutafélagaskrár tiltekin atriði sem fram koma í samþykktum, og eru þar meðtalin þau ákvæði samþykta um heimilisfang félags. Í lögum 17/2003 um fyrirtækjaskrá er ekki að finna lagaskyldu til að skrá heimilisfang, heldur einungis kveðið á um að fyrirtækjaskráin skuli skrá upplýsingar s.s. heimilisfang eftir því sem við á og er þar síðan vísað til annarra atriða sem skylt er að skrá samkvæmt lögum.

Hin fyrirhugaða lagabreyting mun því að óbreyttu hafa það í för með sér að í einhverjum tilvikum verði aldrei tekin ákvörðun í félagi um hvar heimilisfang þess skuli vera. Þá verður ekki lengur skylt að tilkynna um heimilisfang til Hlutafélagaskrár sem mun hafa þær afleiðingar að hægt verður starfrækja félag án þess að það eigi skráð heimilisfang. Skráð heimilisfang félags er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að leggja á og innheimta hin ýmsu gjöld og skatta á félagið auk þess sem slíkt er nauðsynleg forsenda í lögskiptum félaga. Til þess að koma í veg fyrir glundroða er æskilegt að bætt sé við frumvarpið lagagrein er tryggi að hluthafafundur eða stjórn taki ákvörðun um heimili félagsins og að slíkt skuli tilkynnt til Hlutafélagaskrár, jafnvel þótt ekki sé skylt að geta heimilisfangsins sem slíks í samþykktum félagsins.

Þá leggja samtökin fram nokkrar tillögur til orðalagsbreytinga sem gera myndu ákvæði frumvarpsins skýrari:

1. Lagt er til að 2. mgr. b-liðs 1. gr. verði orðuð á eftirfarandi hátt (breytingar feitletraðar) "Ef nýjar aðstæður leiða til þess að verðmæti greiðslu skv. 1. mgr. hefur breyst verulega *frá því hún er í raun lögð fram* skulu stofnendur eða stjórn endurmeta...".

Með þessu móti er orðalagið fært nær 2. mgr. 2. tölul. 2. gr. tilskipunar 2006/68/EB og jafnframt gert skýrara en það var (þ.e. "...á þeim tíma er inna skal hana af hendi til félagsins...").

Sama athugasemd á við um 2. mgr. b-liðs 9. gr., varðandi ehfl.

2. Lagt er til að lokamálsliður 3. mgr. b-liðs 1. gr. hljóði svo: "Slíka kröfu má gera þar til greiðslan hefur verið innt af hendi til félagsins (...)."

Síðasti partur málsliðarins er þarna klipptur út þar sem hann er í raun endurtekning á því sem fram kemur í 1. málslið málsgreinarinnar.

Sama athugasemd á við um lokamálslið 3. mgr. b-liðs 9. gr., varðandi ehfl.

Til að gera hlutina skýrari mætti bæta við 3. mgr. b-lið 1. gr. og 3. mgr. b-liðs 9. gr. um hvert eigi að beina slíkri kröfu (væntanlega til félagsstjórnar).


3. Lagt er til að 1. mgr. a-lið 9. gr. verði orðuð á eftirfarandi hátt: "Stofnendur eða stjórn...metið á **vegnu** meðaltalsverði á skipulegum...".

Lagt er til að í stað þess að meðaltal sé notað til að finna verð verðbréfs eða peningamarkaðsskjals þá sé notað vegið meðaltal. Stærri hreyfingar á verðbréfum (kaup/sölur) hafa meiri áhrif á vegið meðaltal en einfalt meðaltal. Vegið meðaltal er því réttari mælikvarði á meðalverðið en einfalt meðaltal. Þá

er notað vegið meðaltal í 2. tölul. 1. mgr. tilskipunar nr. 2006/68/EB, og er jafnframt notað réttilega í a-lið 1. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

